

Innviðaráðuneytið  
Sölvhóls götu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2023  
UST202311-240/G.S.O.  
10.00

## Efni: Boð um þátttöku í samráði - Drög að reglugerð um áætlun eignarmarkna

Innviðaráðuneytið kynnti þann 23. nóvember 2023 til samráðs drög að reglugerð um áætlun eignarmarkna. Markmið reglugerðarinnar er að fá betri yfirsýn yfir skráningu á eignarmörkum lands sem nýst geta einstaklingum, stjórnvöldum og öðrum til upplýsinga um eignarhald og afmörkun landeigna.

Í d-lið 2. mgr. 4. gr. í fyrirbyggjandi drögum kemur fram að áætlunin skuli m.a. grundvallast á úrlausnum dómstóla. Umhverfisstofnun leggur til að við 2. mgr. verði bætt við úrlausnum úrskurðarnefnda sem heimild sem áætlun byggist á þar sem að lausnir og niðurstöður í landa- og lóðamerkjamállum eru að finna víðar í stjórnkerfinu en hjá dómstólum. Má í því þessu samhengi til að mynda benda á Óbyggðanefnd sem hefur úrskurðað um mörk jarða gagnvart þjóðlendum og um mörk þjóðlendna.

Virðingarfyllst,

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,  
***lögfræðingur***

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir,  
***sérfræðingur***